

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 24. mars 2025

Mál nr. E-3230/2024:

A

(Jóhannes Albert Sævarsson lögmaður)

gegn

B og VÍS tryggingum hf.

(Halldór Hrannar Halldórsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 25. febrúar 2025, er höfðað 29. maí 2024. Stefnandi er A, [...], [...], en stefndu eru [sveitarfélagið] B, [...], [...] og VÍS tryggingar hf., Ámúla 3, Reykjavík.

Stefnandi krefst viðurkenningar á bótaskyldu B og VÍS trygginga hf. og á bótarétti stefnanda úr ábyrgðartryggingu B hjá meðstefnda VÍS tryggingum hf. (VÍS) vegna tjóns sem stefnandi varð fyrir í vinnuslysi [...] 2021. Þá krefst stefnandi málskostnaðar eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast hvor um sig sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Þá gera þeir hvor um sig kröfu um málskostnað.

I

Stefnandi, þá nýráðinn kennari við [...]skóla, fór í skoðunarferð um skólalúsnæðið og lóð skólans [...] 2021. Naut hann leiðsagnar C sem þá var einnig að hefja störf við skólann en hafði áður verið nemandi þar. Lá leið þeirra að sundlaug skólans. Gengu þau eftir timburpalli með fram lauginni austan megin og fyrir enda hennar inn á stétt sem þar er. Gekk C á undan stefnanda. Þegar þau hugðust fara til baka vestan megin við laugina missteig stefnandi sig og féll fram fyrir sig og á grasflöt sem þar er. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands [...] 2021 er slysinu lýst þannig af stefnanda að hann hafi verið að ganga frá suðurenda sundlaugarinnar og áfram vestanvert við hana þegar hann hafi stigið inn á hellulögn og misstigið sig illa á hægri fæti og fallið fram fyrir sig.

Óumdeilt er að stefndi B var með frjálssa ábyrgðartryggingu í gildi hjá stefnda VÍS þegar atvik málsins gerðust. Nær sú trygging til skaðabótaskyldu sem gæti fallið á hið stefnda sveitarfélag, lögum samkvæmt.

Stefndi VÍS hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B hjá félaginu þar sem slysið yrði ekki rakið til saknæms vanbúnaðar eða aðstæðna sem váttryggingartaki hefði getað borið ábyrgð á eða saknæmra mistaka annarra starfsmanna váttryggingartaka. Stefnandi sætti sig ekki við þessa afstöðu stefnda og kærði hana til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum þar sem krafist var endurskoðunar á ákvörðun stefnda VÍS. Varð það niðurstaða hennar að stefnandi ætti ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu hjá stefnda. Höfðaði stefnandi því mál þetta.

Í málinu liggur fyrir matsgerð dómkvadds matsmanns, dags. [...] 2023, þar sem varanleg örorka stefnanda vegna slyssins er metin 12 stig.

Gengið var á vettvang í upphafi aðalmeðferðar málsins. Við aðalmeðferð gaf stefnandi aðilaskýrslu. Þá gaf vitnið C skýrslu um fjarfundarbúnað.

II

Málsástæður stefnanda

Stefnandi kveðst byggja á því hafa orðið fyrir bótaskyldu tjóni þegar hann hafi, [...] 2021, hrasað við óforsvaranlegar aðstæður við sundlaug [...]skóla í B, þá nýráðinn grunnskólakennari við skólann. Sé á því byggt að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum slyssins, en varanleg læknisfræðileg örorka hans hafi verið metin 12%.

Stefnandi kveðst byggja á því að sérstaklega rík skylda hvíli á B til að sjá til þess að aðstæður og umbúnaður í grunnskólum séu forsvaranlegar og í samræmi við lög, reglur og þær skyldur sem hvíli á [sveitafélaginu] sem rekstraraðila grunnskóla. Skólabörn og starfsfólk verði að geta treyst því að fyllsta öryggis þeirra sé gætt.

Stefnandi kveðst byggja á því að stefndu beri ábyrgð á grundvelli sakarreglunnar og meginreglu skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð. Stéttin þar sem stefnandi hrasaði hafi ekki uppfyllt skilyrði laga og reglugerða um öryggi á skólalóð. Einnig sé byggt á því að starfsmaður skólans sem stefnandi hafi fylgt í umrætt sinn hafi ekki varað stefnanda við hættunni sem framundan hafi verið heldur leitt hann inn á svæði við sundlaug skólans sem hafi verið varasamt vegna vanræks viðhalds.

Stefndi bendir á að samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla skuli húsnæði og allur aðbúnaður taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks. Samkvæmt 5. mgr. 20. gr. setji ráðherra reglugerð um húsnæði og búnað grunnskóla þar sem kveða skuli á um aðstöðu, búnað, slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum, sbr. reglugerð nr. 657/2009. Samkvæmt 3. gr.

reglugerðarinnar skuli húsnaði og skólalóðir uppfylla kröfur laga nr. 91/2008 um hollustu og öryggi á vinnustöðum. Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar skuli húsnaði, lóð, aðstaða, búnaður og öll starfsemi sem börn taki þátt í á vegum grunnskóla miðast við að öryggi nemenda sé tryggt. Þá segi þar enn fremur að nemandi sé á ábyrgð skólans meðan á daglegum starfstíma skólans standi, þegar hann taki þátt í skipulögðu skólstarfi innan skólans, á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans. Hið sama gildi um kennara og fullorðna.

Stefnandi kveðst vísa m.a. til gr. 12.3.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, 3. gr., 7. gr. og 8. gr. reglugerðar nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólalóðar og skólalóða, 20. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 14. gr. og 37. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Stefnandi kveður stéttina sem stefnandi hafi hrasað á vera eðlilega gönguleið í kringum sundlaug skólans. Stéttinni hafi verið illa við haldið og hún sé mjög varasöm. Gert sé ráð fyrir að kennarar og nemendur nýti sér þessa gönguleið við kennslu til að fara í kringum laugina. Stefnandi hafi verið nýráðinn til starfa sem grunnskólakennari og ekki þekkt aðstæður á slyssað. Hann hafi þarna farið um svæðið í fyrsta sinn undir leiðsögn kennara við skólann. Stefndi B beri ábyrgð á þessum aðstæðum á slyssað.

Stefnandi bendir á að þegar steinlagða stéttin þar sem slysið varð sé skoðuð nánar komi í ljós mishæð, svokallað *hrasþrep*, frá steinsteyptri gönguleið við bakka sundlaugarinnar og niður á steinlagða stétt vestanvert með fram langhlið laugarinnar þar sem slysið hafi orðið. Að auki hafi vantað hellustein í hellulögnina þar sem stefnandi hafi stigið niður fæti. Stefnandi hafi komið niður á hægri fæti þar sem eyða eða hola hafi verið í stéttinni, nokkrum sentimetrum lægri en stéttin sjálf, eða því sem hafi numið þykkt hellusteinsins sem vantaði í stéttina. Við það hafi hann misstigið sig illa á hægri fæti, reynt að bera fyrir sig vinstri fót, fengið slink á líkamann og fallið fram fyrir sig.

Stefnandi kveður aðstæður og frágangur á slyssaðnum hafa verið óforsvaranlegan bæði að því er varðar *hrasþrepið* niður af steinsteyptu stéttinni og eins það að í steinlagðri gönguleiðinni með fram laugarbakkanum skuli hafa verið eyða eða misfella í lögninni þar sem hafi vantað í stein. Þá hafi gatið verið falið eða ógreinilegt vegna illgresis og grass sem vaxið hafi upp úr holunni. Uppi við skólahúsið hafi frágangur í kringum laugina virst vera til fyrirmyndar þar sem tréfallur sé meðfram austurbakka laugarinnar. Síðan taki við steinsteypt gönguleið með fram laugarenda að sunnanverðu. Þegar steypa bakkanum sleppi, við fjær langhlið laugarinnar að vestanverðu frá skólahúsinu séð, taki

aftur á móti við steinlögð stétt sem sé um 11 cm lægri, þ.e. *hrasþrep*, auk þess sem steina hafi vantað í gönguleiðina með fram þeirri hlið sundlaugarinnar. Vegna þess hve lágt *hrasþrepið* sé hafi það litið svo út frá sjónarhóli stefnanda, sem sé [háfaxinn], að steinsteypta stéttin og sú steinlagða væru í sömu hæð, enda hafi stefnandi ekki búast við öðru þar sem frágangur af trépalli og inn á steypa gönguleið með fram lauginni hafi verið í sömu hæð.

Stefnandi byggir á því að frágangur, umhirða og viðhald steinlögðu stéttarinnar hafi verið óforsvaranlegt. *Hrasþrepið* sé varasamt og uppfylli ekki kröfur um frágang. Slyss stefnanda hafi orðið af völdum þessara varasömu aðstæðna við sundlaugina og beri skólinn þar ábyrgð og jafnframt á afleiðingum slyssins. Engar viðvaranir hafi gefið til kynna að framundan væri *hrasþrep* eða að misfellur væri að finna í steinlagðri stéttinni og að hún væri þar af leiðandi varasöm vegna viðhaldsleysis.

Stefnandi telur að líta eigi til leiðbeininga frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins um þrep í gördum. Þar sé fjallað um breidd þrepa, innstig og uppstig. Þrepið þar sem slysið hafi orðið hafi ekki uppfyllt neitt af þessu. Breiddin sé minni en 1,2 metrar, uppstigið um 10 cm og innstigið hafi ekki náð 39 cm, þ.e. skrefið sem stefnandi hafi tekið fram af *hrasþrepinu* niður á stéttina að misfellunni þar sem steinin hafi vantað.

Stefnandi telur að líta verði til þess að stefnandi hafi verið nýráðinn kennari við skólann, en ráðningarsamningur hans hafi tekið gildi [...] 2021. Þegar slysið hafi orðið hafi hann verið á sérstakri kynningargöngu um [...]skóla með samkennara sínum við skólann. Stefnandi hafi ekki þekkt til aðstæðna og enga aðvörun fengið frá skólastjórnendum eða öðrum starfsmönnum um þá hættu sem hafi leynst við sundlaugina.

Stefnandi kveður stefnda B, eiganda og rekstraraðila [...]skóla, hafa verið með gilda frjálsa ábyrgðartryggingu hjá stefnda VÍS þegar slysið varð, og ábyrgðartryggingu húseiganda. Tryggingartaki beri ábyrgð á aðstæðum öllum og þeim vanbúnaði sem verið hafi á lóð skólans, svo og á starfsmönnum sínum sem hafi átt að gera stefnanda viðvart um þá hættu sem leyndist við sundlaugina.

Málsástæður stefndu

Stefndu hafna því að skaðabótaskylda stefnda B vegna slyss stefnanda sé fyrir hendi, enda sé ekkert í gögnum málsins sem beri með sér að til slíkrar skaðabótaskyldu gæti

hafa stofnast, hvorki á grundvelli reglna um skaðabótaábyrgð fasteignareiganda né skv. öðrum reglum skaðabótaréttar.

Stefndu benda á að sönnunarbyrðin, um saknæma og ólögsmæta háttsemi stefnda B, hvíli alfarið á herðum stefnanda og verði hann því að leggja fram sönnunargögn sem sýni fram á að ástand fasteignarinnar hafi verið með slíkum hætti að það hafi leitt til tjóns stefnanda. Þá beri stefnandi sömuleiðis sönnunarbyrðina fyrir því að sýna fram á að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar og að slysið hafi yfir höfuð atvikast með þeim hætti sem hann lýsi í stefnu.

Stefndu benda á að [...]skóli hafi verið byggður árið 1965 en sunndaðstaða hafi áður verið um árabíl í [...]laug. Fyrir liggi að sundlaugin hafi verið byggð árið 1945 og húsnæðið sé því komið til ára sinna. Þótt færa megi rök fyrir því að hellulögn í kringum sundlaugina hafi verið komin til ára sinna mótmæli stefndu því sem ósönnuðu að aðstæður hafi verið með þeim hætti að það hafi orsakað slys stefnanda. Að mati stefndu hafi frágangur hellulagnarinnar ekki verið frábrugðinn því sem almennt megi gera ráð fyrir í kringum sundlaugar sem þessa og verði ekki hægt að gera þær kröfur til útbúnaðar og frágangs fasteigna að allir gangfletir í kringum þær teljist alveg sléttir eða úr sama efni, enda verði að gera ráð fyrir misjöfnu undirlagi á gangflötum, eftir því sem við eigi hverju sinni. Fyrir liggi að slysið sem hér um ræðir hafi orðið utan eiginlegs skólastarfs og hafi kennsla á haustönn ekki verið hafin þegar það hafi átt sér stað. Þá hafi slysið orðið utan þess svæðis sem teljist almennt til gönguleiðar við sundlaugina, þar sem það hafi átt sér stað við fjærenda hennar, þ.e. ekki við búningsklefa hennar og það svæði sem sundgestir gangi um á leið sinni til laugarinnar.

Stefndu segjast telja að frágangur á hellulögninni brjóti ekki gegn 3. mgr. 20. gr. laga um grunnskóla, enda hafi frágangurinn verið í fullu samræmi við lög og reglur og lítil sem engin hætta hafi verið á slysum, enda gert ráð fyrir takmarkaðri umferð nemenda eða sundlaugargesta við þennan enda sundlaugarinnar. Stefndu telji því ósannað með öllu að hellulögnin teljist hafa verið vanbúin eða að hún hafi með einhverjum hætti orsakað slys stefnanda þannig að skaðabótaskylda vegna þess teljist vera fyrir hendi. Þá verði ekki séð að frágangurinn við sundlaugina hafi með einhverjum hætti brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Stefndu bendi á að kennsla hafi ekki verið hafin í skólanum þegar slysið hafi átt sér stað, heldur hafi það orðið á starfsdegi, þar sem kennarar og starfsfólk séu eingöngu við störf. Sjónarmiðum laga nr. 91/2008 um öryggi skólabarna verði því ekki beitt um slys

stefnanda, enda hann starfsmaður skólans en ekki nemandi. Starfsdagar í skólum og þeir dagar sem nýttir séu til undirbúnings áður en kennsla hefjist séu m.a. til þess ætlaðir að fara yfir húsnæði skólans og aðstæður og því sé ekki hægt að byggja á því að húsnæði skólans hafi átt að vera komið í fullbúið horf fyrir kennslu þegar slysið gerðist.

Stefndu hafna því að um svokallað *hrasþrep* hafi verið að ræða, sem hafi valdið slysinu. Eigi það hugtak hvorki tilvist í skaðabótarétti né íslensku máli yfirleitt. Að mati stefndu sé algjörlega ósannað miðað við þau gögn sem fyrir liggja í málinu að þrepið sem um ræði hafi verið að einhverju leyti hættulegt eða ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Stefndu bendi á að [...]laug hafi verið byggð á árinu 1945 og því sé ekki hægt að byggja á því að húsnæði laugarinnar þurfi að uppfylla skilyrði núgildandi byggingarreglugerðar, eins og vísað sé til í stefnu. Hún hafi ekki verið í gildi þegar húsnæðið var byggt. Þá sé ekkert sem liggja fyrir í gögnum málsins um að breytingar hafi verið gerðar á fasteigninni á seinni árum þannig að hægt sé að byggja á þeim ákvæðum byggingarreglugerðar sem gert sé í stefnu málsins. Stefndu ítreki hvað þetta varði að umrætt þrep sé að mati stefndu fyllilega í samræmi við þau lög og reglur sem taldar verði gilda um fasteignina og útbúnað hennar. Þá telji stefndu með öllu ósannað að stefnandi hafi hrasað um umrætt þrep, enda komi ekkert fram um þrepið í tilkynningu til Sjúkratrygginga, en tilkynningin sé m.a. undirrituð og staðfest af hálfu stefnanda. Það sé því með öllu ósannað að þrepið eða umbúnaður þess hafi valdið slysi stefnanda.

Stefndu hafna því að slys stefnanda hafi orðið á eðlilegri gönguleið í kringum sundlaugina. Slysið hafi orðið við vesturenda sundlaugarinnar en sá endi sé fjærst búningsklefum laugarinnar. Gestir sundlaugarinnar eða starfsfólk eigi því ekkert erindi um umrætt svæði og lítill sem enginn umgangur sé þar. Hellulögnin sem um ræðir sé í raun hluti af opnu grassvæði við hlið sundlaugarinnar og ekki hluti af göngustíg eða leið sem gangandi sé almennt ætlað að ganga um. Stefndu bendi á að steinsteypt stétt sé við austurhlið laugarinnar og við búningsklefa hennar og sé gestum laugarinnar ætlað að ganga þá leið frá búningsklefum og til laugarinnar. Hellulögnin í kringum sundlaugina hafi verið vel sýnileg öllum þeim sem hafi kosið að ganga í kringum hana og hafi allir sem þar gengu um mátt gera sér grein fyrir því hvernig undirlaginu var háttað. Verði að gera þá almennu kröfu til fótgangandi vegfarenda að þeir kunni fótum sínum forráð og gæti að því hvar þeir stígi niður fæti. Eðli máls samkvæmt sé frágangur á hellulögnum misjafn eftir því hvar borið sé niður og megi gera ráð fyrir kantsteinum, þrepum og mishæðum við göngu á gangstéttum og öðrum gönguleiðum, allt eftir því hvar gengið

sé. Að mati stefndu geti skaðabótaábyrgð ekki byggst á því einu að hellulögn hafi ekki verið slétt eða þrep hafi verið á gönguleið, nema vankantar á frágangi teljist verulegir og huldur þeim sem gangi um svæðið. Svo hafi ekki verið í þessu tilviki. Breyti þar engu hvort talið verði að einstaka hellu hafi vantað inn í hellulögnina eins og stefnandi virðist byggja á í stefnu. Eins og fyrr segi hafi hellulögnin og frágangur hennar, þ.m.t. skil hennar og grasflatarinnar, verið sýnileg öllum sem gengu um svæðið. Þá sé því við að bæta að í tilkynningu til SÍ vegna slyssins hafi ekki verið minnst á að hellur hefði vantað í hellulögnina og að það hafi valdið slysinu. Að mati stefndu sé því með öllu ósannað að hellulögnin hafi verið vanbúin og að sá vanbúnaður hafi leitt til slyss stefnanda.

Stefndu mótmæla þeim röksemdum stefnanda að stefnandi hafi ekki fengið neinar viðvaranir um aðstæðurnar og hafi ekki þekkt til aðstæðna. Það hafi verið algjörlega á ábyrgð stefnanda sjálfs að kunna fótum sínum forráð og að fylgjast með því hvar hann stigi niður fæti. Verði því ekki með neinum hætti hægt að telja að það hafi verið á ábyrgð samkennara hans að vara hann sérstaklega við undirlaginu, enda hafi mátt gera ráð fyrir að stefnandi horfði fram fyrir sig á göngunni og að hann gætti að sér í samræmi við aðstæður. Fyrir liggja skv. lýsingu stefnanda að hann hafi gengið dágóðan spöl í kringum sundlaugina áður en slysið hafi átt sér stað og því haft næg tækifæri til að átta sig á aðstæðum.

Stefndi B kveðst benda á að fyrir slysið hafi stefndi ekki fengið tilkynningar um önnur slys á þessu svæði og engar upplýsingar liggja fyrir um að einhver óhöpp hafi áður orðið á þessum stað við sundlaugina. Þar sem svæðið sé utan þess svæðis sem sundlaugagestir gangi almennt um hafi starfsmenn skólans og sveitarfélagið takmarkaðar eða engar upplýsingar haft um slyshættu, ef sú hættu hefur yfirhöfuð verið til staðar. Að mati stefndu hafi því engin ástæða verið til að bregðast við yfirvofandi hættu, enda hafi engin augljós hættu verið til staðar. Hafi frágangur hellulagnarinnar ekki verið frábrugðinn því sem almennt hefði mátt búast við. Því sé alfarið hafnað að stefndi B hafi með einhverjum hætti vanrækt skyldur sínar svo leitt geti til skaðabótaskyldu, enda sé með öllu ósannað að slys stefnanda megi rekja til atvika eða aðstæðna sem sveitarfélagið beri ábyrgð á. Það sé því ekkert sem liggja fyrir sem bendi til þess að saknæm og ólöglegt háttsemi stefnda B eða starfsmanna [sveitafélagsins] hafi valdið slysi stefnanda. Að mati stefndu verði slysið því eingöngu rakið til óhappatilviks eða eigin aðgæsluleysis stefnanda og ef til vill skóbúnaðar hans. Því beri að sýkna stefnda B af öllum kröfum stefnanda. Þá beri sömuleiðis að sýkna stefnda VÍS af kröfum stefnanda, enda sé það

forsenda bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu stefnda B að sýnt sé fram á skaðabótaábyrgð þess síðarnefnda vegna slyssins.

III

Niðurstæða

Í máli þessu krefst stefnandi þess að viðurkennd verði bótaskylda stefndu og bótaréttur stefnanda úr ábyrgðartryggingu B hjá meðstefnda VÍS tryggingum hf., vegna tjóns sem stefnandi varð fyrir [...] 2021, þegar hann missteig sig við sundlaug [...]skóla, [...]laug, og féll fram fyrir sig og á grasflöt sem þar er. Stefndu krefjast sýknu.

Dómari og lögmenn málsaðila gengu á vettvang ásamt stefnanda í upphafi aðalmeðferðar málsins og skoðuðu aðstæður. Lýsti stefnandi því hvernig hann hefði gengið með fram lauginni austan megin, fyrir enda hennar og hvernig hann hefði fallið þegar hann gekk áleiðis til baka vestan megin við laugina. Þar er gengið niður eitt þrep niður á tvíbreiða hellulagða stétt sem þar er. Er hún sýnilega komin til ára sinna og nokkuð mishæðótt. Þá vantar stein í stéttina hægra megin, nær sundlauginni.

Samkvæmt meginreglu íslensks skaðabótaréttar verður sá sem krefst skaðabóta að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og að tjónið megi rekja til atvika sem váttryggingartaki eða starfsmenn hans beri ábyrgð á að lögum þannig að orsakatengsl séu á milli tjóns hans og atvika og að tjónið sé sennileg afleiðing hinnar saknæmu háttsemi váttryggingartaka eða starfsmanna hans.

Stefnandi byggir á því annars vegar að fall hans hafi orsakast af því að ógreinilegt þrep hafi verið frá pallinum við enda laugarinnar og með fram lauginni vestan megin og hins vegar af því að stein hafi vantað í stéttina, skammt frá fyrsta þrepinu í stéttinni. Stefndu mótmæla hvoru tveggja.

Eins og áður var rakið vantar stein í stéttina. Er um að ræða annan stein frá þrepinu, hægra megin, þ.e. nær sundlauginni þegar gengið er í þá átt sem stefnandi gekk í umrætt sinn. Stefnandi lýsti því í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hefði stigið af pallinum, með hægri fót í holuna þar sem steininn vantaði, fallið beint fram fyrir sig og hafnað í grasflötinni. Vitnið C lýsti atvikinu þannig fyrir dómi að stefnandi hefði stigið út af pallinum við enda laugarinnar, tekið eitt eða tvö skref inn á grasflötina og fallið beint fram fyrir sig inn á hana. Hún hefði verið tveimur til þremur skrefum á undan honum.

Að mati dómsins er afar ólíklegt að stefnandi hefði fallið fram fyrir sig á grasflötina ef hann hefði stigið niður með hægri fót þar sem helluna vantar í stéttina, upp við laugina. Ef hann hefði stigið þar í leið sinni af pallinum hefði hann stefnt racleitt eftir stéttinni, en ekki í átt að grasflötinni. Hann hefði þá að líkindum annaðhvort fallið beint fram fyrir sig, og þá á stéttina, eða til hliðar og í grasflötina. Það er hins vegar hvorki í samræmi við lýsingar stefnanda né vitnisins C af atvikum málsins fyrir dómi. Sem fyrr sagði töldu þau bæði að stefnandi hefði fallið beint fram fyrir sig á grasflötina. Þá kom sem fyrr sagði fram í greinargóðri frásögn vitnisins C að stefnandi hefði dottið þannig inn á grasflötina eftir að hafa takið eitt eða tvö skref af pallinum.

Þegar litið er til þess sem að framan er rakið er það niðurstaða dómsins að stefnandi hafi ekki sýnt fram á eða gert sennilegt að fall hans í umrætt sinn hafi verið að rekja til þess að hellustein hafi vantað í umrædda stétt og er því ekki fallist á þá málsástæðu hans. Á hinn bóginn telur dómurinn að stefnandi hafi sýnt fram á að fallið hafi orðið þegar hann steig niður af pallinum og út á hellulögnina eða grasflötina. Það hafi því orðið þegar hann steig niður umrætt þrep, sem stefnandi kallar *hrasþrep*.

Verður þá vikið að því hvort umrætt þrep hafi verið að einhverju leyti hættulegt eða í ósamræmi við ákvæði laga og reglna.

Fyrir liggur að [...]laug er komin til ára sinna. Kemur fram í greinargerð stefnda, og var ekki mótmælt af hálfu stefnanda, að hún hafi verið byggð árið 1945. Verður því ekki byggt á byggingarreglugerð nr. 112/2012, en stefnandi hefur ekki leitast við að sýna fram á að umrætt þrep hafi brotið gegn byggingarreglugerð á þeim tíma sem sundlaugin var byggð.

Eins og lýst hefur verið hér að framan er stigið niður eitt lágt þrep af pallinum við enda sundlaugarinnar á hellulögnina og í grasið. Verður að mati dómsins ekki séð að þessi frágangur hafi verið eða sé óforsvaranlegur eða að ætla hefði mátt að hann hefði í för með sér sérstaka slyshættu. Þá verður ekki séð að breidd þrepsins eða hæð uppstigs skipti máli í því sambandi. Telur því dómurinn ekki að stefnandi hafi sýnt fram á að frágangur þrepsins hafi brotið gegn þeim lagaákvæðum sem hann vísar til. Þá liggur ekki fyrir að stefnda B hafi nokkurn tímann borist kvörtun vegna umrædd þreps eða að bent hafi verið á mögulega hættueiginleika þess. Telur dómurinn því ekki að sýnt hafi verið fram á það af hálfu stefnanda að nauðsynlegt hafi verið að gera sérstakar ráðstafanir af hálfu stefnda B til að draga úr slyshættu vegna þessa. Breytir þar engu að um sé að ræða

skólasundlaug. Að sama skapi telur dómurinn að ekki hafi verið sýnt fram á að vitnið C hefði átt að vara stefnanda við umræddu þrepi.

Þegar lítið er til alls framangreinds hefur að mati dómsins ekki verið sýnt fram á annað en að slys stefnanda hafi verið að rekja til óhappatilviks sem ekki hafi verið á ábyrgð stefnda B. Eru stefndu því sýknaðir af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 26. febrúar 2024. Greiðist allur gjafsóknarkostnaður hans úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Jóhannesar Alberts Sævarssonar lögmanns, sem með hliðsjón af eðli og umfangi málsins ákvarðast 1.500.000 krónur.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, B og VÍS tryggingar hf., eru sýknir af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hans, Jóhannesar Alberts Sævarssonar, 1.500.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Björn Þorvaldsson